**Aðalfundur DA, haldinn í Miðhvammi á Húsavík, miðvikudaginn 4. júlí 2018 kl. 14:00**

Kristján Þór Magnússon skipaður fundarstjóri og Drífa Valdimarsdóttir ritari.

1. Venjuleg aðalfundarstörf
    a. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi liðins árs.
    Jón Helgi fer yfir starfsemi félagsins á árinu 2017 m.a. breytingar á þjónusturýmum og viðhald húsnæðis, en klárað verður að mála húsið að utan í sumar auk þess sem öryggismyndavélar voru settar upp á árinu. Faglegt samstarf við HSN hefur verið gott og fagleg þjónusta hefur aukist verulega. Þeim sem sækja þjónustu á Stóru Mörk hefur fækkað. Rekstur Víkur á Raufarhöfn hefur verið með hefðbundnu sniði. Jón Helgi fór í lokin yfir hugmyndir ríkisins um byggingu nýs hjúkrunarheimilis með allt að 60 hjúkrunarrýmum og færði starfsfólki bestu þakkir fyrir störf sín á árinu.
    Guðbjartur spurði um fjölda hjúkrunarrýma sem áætlað er að byggja og var því svarað að þessi fjöldi væri kominn frá velferðarráðuneytinu.
    b. Ársreikningar ásamt skýrslu endurskoðanda.
    Rúnar Bjarnason löggiltur endurskoðandi hjá PWC ehf. fór yfir helstu fjárhæðir í ársreikningi félagsins fyrir árið 2017.
    Kristján Þór spurði um uppgreiðslu lífeyrisskuldbindingar á árinu og færslu hennar yfir eigið fé.
    Áritun á reikninginn er jákvæð en með ábendingu varðandi rekstrarhæfi.
    Ársreikningarnir eru samþykktir samhljóða.
    c. Fjárhagsáætlun 2018.
    Jón Helgi fór yfir áætlun um framlög eignaraðila á árinu 2018. Áætlunin er samþykkt samhljóða.
    d. Kosning stjórnar og varastjórnar.
    Tillaga að aðalmönnum í stjórn;
    Kristján Þór Magnússon
    Heiðbjört Ólafsdóttir
    Guðbjartur Ellert Jónsson
    Arnór Benónýsson
    Sigurður Böðvarsson
    Aðalsteinn J. Halldórsson

    Tillaga að varamönnum:
    Drífa Valdimarsdóttir
    Birna Ásgeirsdóttir
    Bergur Elías Ágústsson
    Dagbjört Jónsdóttir
    Dagbjört Bjarnadóttir
    Tillagan er samþykkt samhljóða.
    e. Kosning eins löggilts endurskoðanda og endurskoðunarfélags.
    Tillaga um Rúnar Bjarnason og PWC ehf.
    f. Ákvörðun um laun stjórnarmanna og endurskoðanda.

Tillaga um að halda óbreyttu viðmiði við greiðslur Norðurþings fyrir setu í fastanefndum.
Tillagan er samþykkt samhljóða.
Tillaga um greiðslur til endurskoðanda samkvæmt reikningi.
Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Önnur mál löglega fram borin.
Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 14:45

Helena Eydís

Aðalsteinn J. Halldórsson